ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Stjórnarfundur ÍTF 16. október 2026

Mættir fulltrúar: Heimir Fannar, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Davíð, Samúel og Heimir á Teams.
Fjarrverandi:

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:

1. **Mótafyrirkomulag**
    a. Mótahald í efstu deild karla var til umræðu og var Birgir með kynningu á tveimur tilboðum frá HyperCube og Twenty First Group. Birgir og Björn tóku tvo fundi með þessum fyrirtækjum og óskuðu eftir tilboði við að bera saman núverandi fyrirkomulag og 14 liða deild. Tímaramminn var sá sami en skila þarf skýrslunni fyrir fund formanna og framkvæmdastjóra þann 21 nóvember. Báðir aðilar eru leiðandi aðilar á markaði í þessum málum og hafa á undanförnum árum unnið með helstu deildum Evrópu og utan hennar. Spretthópur KSÍ sem er að skoða mótafyrirkomulagið hafði óskað eftir því að fá úttekt frá þessum aðilum og vísuðu ósk sinn til KSÍ og ÍTF. Samþykkt var að ganga að tilboð HyperCube og var Birgi falið að staðfesta tilboðið og ræða við KSÍ varðandi næstu skref. Lagt er upp með að ÍTF og KSÍ deili þessum kostnaði 50/50.
    b. Mótahald í Bestu deild kvenna var til umræðu en Guðbjörg situr í starfshópi fyrir hönd ÍTF. Hópurinn hefur fundað og er unnið að tillögum en skiptar skoðanir eru um hvaða fyrirkomulag er best fyrir efstu deild kvenna. Hópurinn mun halda áfram að funda á næstu vikum og mun Guðbjörg upplýsa ÍTF um þróun mála.
    c. Rætt var um að óska eftir því að búin verði til starfshópur til að skoða Lengjudeild karla líkt og er í gangi fyrir BD kk og kvk. Ljóst er að erfitt er að gera breytingar í BD kk og gera ekki ráð fyrir breytingum í Lengjudeild karla samhliða. Mikilægt er að hugsa þessar efstu deildir í knattspyrnu sem eina heild og er því heildar endurskoðun mikilvæg ef á að fara í þessa vinnu. ÍTF mun hafa samband við stjórn KSÍ og óska eftir aðkomu þeirra að þessum starfshópi.
2. **Vetrarmót**
    Undanfarnar vikur hefur ÍTF verið í samtali við Genius Sports varðandi hugsanlegt nýtt vetrarmót. Hugmyndin var að kynna nýtt mót sem myndi leysa af núverandi vetrarmót og Lengjubikarinn í eitt stórt mót. Kannað var hvort Genius Sports hefði áhuga á að tryggja sér veðmálaréttinn að slíku móti. Eftir að hafa lýst yfir miklum áhuga reyndist ekki vilji til að fjárfesta miklum fjármunum í þessi réttindi á fyrsta ári. Lagt er þó til að afhenda alla þessi leiki og sjá hvort það sé áhugi á erlendum mörkuðum fyrir þessum leikjum í samstarfi við Genius Sports.
    a. **Lengjubikarinn:** Skiptar skoðanir eru á milli félaga hvað varðar Lengjubikarinn. Öll félög vilja fá leiki eftir áramót sem eru skipulagðir með dómurum. Hluti af félögum vilja geta nýtt leikmenn sem ekki hafa fengið leikheimild. Unnið verður

með KSÍ að því að skoða hvaða leiðir eru í boði ásamt því að koma öllum leikjum í framleiðslu svo hægt sé að afhenda Genius leikina. Haldinn var fundur á dögunum með mótanefnd, formanni og framkvæmdastjóra KSÍ til að ræða þessi vetrarmót og hugsanlegar breytingar. Niðurstaðan var sú að halda óbreyttu fyrirkomulagi fyrir 2027.

3. **Sjónvarps og markaðsmál**
    a. Birgir og Björn fóru yfir stöðu mála í viðræðum við SÝN. Ljóst er að umræður um fyrirkomulag i Bestu deild karla truflar samtalið við SÝN. Unnið er að því að setja upp markmið er varðar framleiðslu og aðstöðumál. Vilji ÍTF er að bæta framleiðsluna og útrýma svokölluðu single cam leikjum. Um langtíma markmið er að ræða þar sem flókið er að auka myndavélar á öllum völlum í Bestu deildinni.
    b. Birgir og Björn kynntu tilboð frá nýjum samstarfsaðila sem hefur lýst yfir miklum áhuga á því að vinna með Bestu deildinni. Birgi og Birni falið að vinna málið áfram og kynna næstu skref fyrir stjórn áður en endanleg ákvörðun verður tekin.
4. **Fjármál – 9 mánaða uppgjör**
    a. Birgir fór yfir 9 mánaða uppgjör ÍTF sem er á pari miðað við áætlun ársins. Birgir er að vinna að uppgjöri fyrir lok mánaðar en þá verður öllum félögum greitt lokagreiðsla vegna ársins 2026. Gert er ráð fyrir því að félög innan ÍTF fá greiddar rúmlegar 300 m.kr vegna réttinda og sölu á markaðsréttindum á árinu 2026.
    b. **Uppgjör á nýverandi ferli (cycle) Bestu deildar karla 2022 – 2026**. Birgir er byrjaður að taka saman uppgjörið á uppgjörinu sem kynnt var á aðalfundi ÍTF í byrjun árs. Þar var gert ráð fyrir að minnsta kosti 50 m.kr greiðslu til félaga í Bestu deild karla. Stefnt er að því að uppgjörið verið klárt fyrir mánaðarlok og haldinn fundur með stjórn ÍTF til að fara yfir það. Greitt verður út í byrjun nóvember vegna 2026 tímabilsins og fljótlega eftir það verður greitt út lokauppgjör 2022 - 2026.

5. **Önnur mál**
    a. Goal unit – Birgir fór yfir skýrslu frá Goal unit sem er í vinnslu. Skýrslan fjallar um félagaskipti leikmanna frá Íslandi og samanburður við aðrar þjóðir í kringum okkur. Ljóst er að Íslensk félög eru að selja leikmenn allt of ódýrt miðað við sambærilegar þjóðir. Stefnt er að því að klára skýrsluna og halda kynningu fyrir félögin og ræða sameiginleg markmið við að auka tekjur af leikmannasölum. Ljóst er að Ísland er að dragast lengra frá öðrum þjóðum í tekjum af leikmannasölum.
    b. Fundur formanna og framkvæmdastjóra KSÍ verður haldinn 21 nóvember. Umræður um málefni sem við ættum að ræða á fundinum. Mótamál og kynning frá Goal unit var til umræðu.
    c. Stefnt er að því að festa 2-3 árlega fundi með félögum innan ÍTF. Fundur á vormánuðum til að ræða markaðsmál í upphafi móts. Fundur í september landsleikjaglugga og annar í lok árs til að ræða mótamál og sameiginlega samninga og fleira.
    d. Umræður varðandi

Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:40